# PRJÓNABLAÐIÐ ÝR

56

Verð kr. 2.195 · Janúar 2014



## Brúðarþáttur

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

TINNA 30 ára



1

ALPAKKA ULL

Hönnuður:
Hrafnhildur Svavarsdóttir



1 ALPAKKA ULL

**Íslensk hönnun:**
**Hrafnhildur Svavarsdóttir**

# Peysa með röndum

**Stærðir:**
(2) 4 (6) 8 (10) 12 ára, (XS) S (M) L (XL)

**Mál á peysu:**
**Yfirvídd:** (62) 65 (68) 72 (76) 80 (84) 92 (96) 102 (107) sm.
**Sídd:** (38) 42 (45) 49 (53) 57 (61) 66 (71) 76 (80) sm.
**Ermalengd:** (24) 27 (30) 33 (36) 40 (44) 45 (45) 46 (46) sm., eða eins og passar

**Garn: Alpakka ull**

**2-4 ára**
**Litur 1:** 1042 (3) 3
**Litur 2:** 4554 (1) 1
**Litur 3:** 1053 (1) 1
**Litur 4:** 1002 (1) 1
**Litur 5:** 1099 (1) 1

**6-8 ára**
**Litur 1:** 9581 (4) 5
**Litur 2:** 2527 (1) 1
**Litur 3:** 4554 (1) 1
**Litur 4:** 6554 (1) 1
**Litur 5:** 1099 (1) 1

**XS -S**
**Litur 1:** 1002 (6) 7
**Litur 2:** 3161 (1) 1
**Litur 3:** 2650 (1) 1
**Litur 4:** 1099 (1) 1

**M - L - XL**
**Litur 1:** 1053 (8) 9 (9)
**Litur 2:** 1042 (1) 1 (1)
**Litur 3:** 1002 (1) 1 (1)
**Litur 4:** 1099 (1) 1 (2)

**Prjónar / fylgihlutir:**
Hringprjónar nr. 4 og 5
Sokkaprjónar nr. 4 og 5
Prjónanælur
Merkihringir

**Prjónfesta:**
19 L. slétt prjón á prjóna nr. 5 = 10 sm.

**Bolur:** Fitjið upp (120) 126 (132) 140 (148) 156 (164) 172 (180) 188 (204) L. með lit **1**, á hringprjón nr. 4. Prjónið í hring, (3) 4 (4) 4 (5) 5 (5) 6 (6) 6 (6) sm. stroff 1 sl., 1 br. Skiptið yfir á hringprjón nr. 5 , látið merki í hliðar. Prjónið slétt prjón þar til bolur mælist (26) 29 (32) 35 (38) 42 (46) 47 (47) 48 (48) sm.
Látið (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) L. (4 L. beggja megin við merki í hlið,) á prjónanælu fyrir handveg. Geymið og prjónið ermar.
**Ermar:** Fitjið upp (30) 32 (36) 36 (40) 40 (40) 42 (44) 48 (48) L. með lit **1**, á sokkaprjóna nr. 4, Prjónið í hring, (3) 4 (4) 4 (5) 5 (5) 6 (6) 6 (6) sm. stroff 1 sl., 1 br. Skiptið yfir á prjón nr. 5 jafnið lykkjufjöldann í (34) 36 (40) 40 (44) 44 (44) 46 (46) 48 (48) L. Látið merki utan um fyrstu og síðustu L = merkil. Aukið í beggja megin við merkil. í 6. hverri umf. þar til lykkjufjöldinn er kom-

**Stærðir 2 og 4 ára**



Endurtakið lykkjur (7-14)

**Stærðir 6 og 8 ára**



Endurtakið lykkjur (7-14)

**Stærðir 10 og 12 ára**



Endurtakið lykkjur (7-14)

**Stærðir XS og S**



Endurtakið lykkjur (7-14)

**Stærðir M, L, og XL**



Endurtakið lykkjur (7-14)

inn í (44) 45 (50) 50 (54) 54 (54) 58 (58) 62 (62) L.

Þegar ermin mælist (24) 27 (30) 33 (36) 40 (44) 45 (45) 46 (46) sm. eru (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) 8 (8) L. á miðermi, settar á prjónanælu.

Geymið ermina og prjónið aðra eins.

**Berustykki:** Sameinið ermar og bol á hringprjón nr. 5 = (176) 184 (200) 208 (224) 232 (240) 256 (264) 280 (296) L. á prjóninum. Prjónið með lit **1**, 2 umf. slétt prjón, látið merkihr. við upphaf umferðar. Prjónið og takið úr **samkvæmt munsturteikningu** sem hentar þeirri stærð sem prjónuð er.

**Hálslíning:** Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4 og prjónið í hring, 1 umf. slétt prjón og jafnið lykkjufjöldann í (66) 69 (74) 76 (76) 78 (80) 82 (84) 90 (90) L. Prjónið (5) 7 (7) 7 (8) 8 (8) 9 (9) 9 (10) umf. stroff 1 sl., 1 br. Fellið af.

**Frágangur:** Lykkjið saman undir ermunum.

- ╱ Prjónið 2 sl. saman
- ● svartur
- litur 4
- litur 3
- litur 2
- litur 1